

Þarfagreining á húsnæði eldri Hornfirðinga


Alls voru 115 sem svöruðu könnuninni svarhlutfallið var 23,3% og var kynjahlutfallið, 57% konur og 42% karlar. Spurningalistar voru sendir til allra íbúa eldri en 50 ára í Sveitarfélaginu Hornafjörður. Alls voru 493 íbúar sem fengu send bréf með beiðni að svara spurningalista á netinu. Bréfið var sent út í júní 219 og gátu svarendur valið um að nálgast eintak á bæjarskrifstofunum eða svara á vef formi. Flestir þeirra sem svöruðu völdu netkönnun.

Spurt var um búsetu og voru 84% þeirra sem svöruðu búsettir á Höfn og 94% þeirra sem svöruðu búa í eigin húsnæði.

Árið 2015 var gerð sambærileg könnun í þeirri könnun svöruðu 38,2%.


Aldur	Heildarsvörun	Karlar	Konur
50-59 ára	41%	35%	64%
60-69 ára	27%	40%	60%
70-79 ára	24%	59%	41%
80 ára og eldri	8%	33%	67%

Tafla 1. Aldur eftir kyni svarenda



Mynd 1. Sýnir að 94% búa í eigin húsnæði.

Flestir svarenda eða 94% búa í eigin húsnæði.



Mynd 2. Hér má sjá hvernig svarendur meta fjárhagslega stöðu sína eftir aldri.

Mynd 2 sýnir hvernig svarendur meta fjárhagslega stöðu sína. Af þeim sem svöruðu voru 7% sem mátu stöðu sína erfiða eða frekar erfiða, 31% mátu stöðu sína sæmilega og af þeim voru flestir í yngsta aldurshópnum, 50-59 ára eða 40%.

Mjög góð	18%
Frekar góð	44%
Sæmileg	31%
Frekar erfið	6%
Mjög erfið	1%


Tafla 2. Sýnir hvernig svarendur meta fjárhagslega stöðu sína.

Af þeim sem svöruðu voru 62% sem mátu fjárhagslegu stöðu sína mjög- eða frekar góða þar af mat elsti aldurshópurinn stöðu sína frekar góða.


Árið 2015 voru það 12% sem mátu stöðu sína mjög eða frekar slæma og 44% mátu stöðu sína sæmilega og 45% mátu stöðu sína mjög eða frekar góða. Þó svarhlutfallið sé ekki eins gott og árið 2015 kemur í ljós að staða svarenda hefur batnað að þeirra mati.

Þegar spurt var um félagslega stöðu þá meta íbúar félagslega stöðu sína mjög sterka, 72% svarenda segja félagslega stöðu sína mjög eða frekar góða, 6% svarenda töldu stöðu sína frekar- eða mjög erfiða. Árið 2015 töldu 4.3% sig vera í mjög eða frekar slæmri félagslegri stöðu.


Áhugavert er að skoða fylgni þeirra sem eiga ekki börn og ættingja í sveitarfélaginu við félagslega stöðu. Þeir mátu félagslega stöðu sína mjög góða sem er sambærilegt niðurstöðum í könnuninni sem var framkvæmd 2015. Niðurstöðurnar má sjá betur á myndum 3 og 4.



Mynd 3. Sýnir að flestir telja félagslega stöðu sína sterka.




Mynd 4. Sýnir að flestir á aldrinum 50-59 ára eiga börn og ættingja.



Mynd 5. Sýnir að hverjir eru líklegir kaupa íbúð í fjölbýli fyrir eldra fólk.


Þegar spurt var hvort svarendur myndu festa kaup á íbúð í fjölbýli fyrir eldri íbúa kom í ljós að 43% töldu mjög, frekar eða nokkuð líklegt að þeir hefðu áhuga á því. Þegar aldurskipting var skoðuð þá kom í ljós að tæplega 50% af aldurshópnum 50-59 ára var líklegastur til að kaupa íbúð í fjölbýli fyrir eldri íbúa, 42% íbúa 60-69 ára og 11% þeirra sem voru 80 ára og eldri.



Mynd 6. Sýnir hve margir gætu hugsað sér að leigja íbúð í fjölbýli.

Þegar spurt var hvort fólk teldi líkur á að það myndi leigja íbúð ef byggðar yrðu leiguíbúðir fyrir eldri íbúa á Höfn, 35% sögðust mjög, frekar eða nokkuð líklegir til að leigja. Í yngsta aldurshópnum, 50-59 ára, töldu 35% mjög, frekar eða nokkuð líklegt að þeir vildu leigja. 14% hlutfall aldurshópsins 60-69 ára taldi líklegt að þeir myndu leigja á meðan 50% svarenda í 70-79 ára hópnun töldu sig líklega til að sækjast eftir að leigja íbúð.

Færri íbúar hafa áhuga á að leigja nú en í könnuninni frá árinu 2015, þá svöruðu 60% að þeir væru mög, frekar eða nokkuð líklegir að leigja húsnæði á mótí 35% nú.




Mynd 7. Sýnir hversu líklegt eða ólíklegt er að fólk muni kaupa íbúð í raðhúsi


Þegar spurt var hvort svarendur hefðu hug á að kaupa raðhús fyrir eldri íbúa, kom í ljós að elsti aldurshópurinn eða þeir sem eru 70 ára og eldri höfðu minni áhuga á að festa kaup á íbúð í raðhúsi en aldurshópurinn 50-69 ára. Íbúar á aldrinum 50-59 ára voru 57% mjög, frekar eða nokkuð líkleg til að festa kaup á raðhúsi og 50% íbúa í aldurshópnum 60-69 ára voru mjög, frekar eða nokkuð líkleg til að kaupa raðhús.

Á mynd 8 hér að neðan kemur fram að það eru minni líkur á að fólk vilji leigja íbúð í raðhúsi en að kaupa.

Þegar fylgni við fjárhagslega stöðu svarenda er skoðuð þá kemur í ljós að mjög ólíklegt er að þeir sem eru í erfiðri fjárhagslegri stöðu vilji festa kaup á raðhúsi.



Mynd 8. Sýnir hlutfall þeirra sem vilja leigja íbúð í raðhúsi



Mynd 9. Sýnir hvenær fólk telur hentugt að fara í hagkvæmara húsnæði.


Þegar spurt var um hvenær svarendur telji líklegt að breyta um búsetu og fara í hentugra húsnæði kom í ljós að fólk á aldrinum 70 ára og eldri telur tímabært að fara að huga að breytingum á búsetuformi. Þegar aldurssamsetning svarenda er skoðuð þá telja 83% svarenda 80 ára og eldri hentugt að huga að breytingum eftir áttítt. Það má benda á að galli er á spurningunni þar það vantaði valmöguleikann aldrei. Því er möguleiki að íbúar 80 ára og eldri myndu jafnvel segjast ekki ætla að skipta um húsnæði.

Þegar fylgni við fjárhagslega stöðu var skoðuð þá töldu þeir sem voru í frekar erfiðri eða sæmilegri fjárhagslegri stöðu að þeir vildu huga að hentugra húsnæði á aldursbilinu 60-64 ára.


Þeir sem voru í mjög eða frekar góðri fjárhagslegri stöðu voru líklegri til að skoða breytingar á búsetuformi við hækkandi aldur.

Seinni hluti spurningakönnunarinnar sneri að þjónustu fyrir eldra fólk í sveitarfélaginu.


Spurt var um þörf á heimahjúkrun, heimaþjónustu og akstursþjónustu fyrir eldra fólk í sveitarfélaginu. Það kemur skýrt fram að íbúar telja mikla mikla þörf vera á þessum þjónustubáttum líkt og myndir 10, 11 og 12 sýna.



Mynd 10. Sýnir að fólk telur almennt að þörf sé á heimahjúkrun.



Mynd 11. Sýnir að fólk tekur almennt að mikil þörf sé á heimaþjónustu.



Mynd 12. hve mikla þörf telur þú fyrir akstursþjónustu fyrir eldri hornfirðinga.